

Skýrsla Öryggisnefndar LH 2024-2025

Nefndarmenn:

Bryndís Guðmundsdóttir

Kristján Eldjárn Þorgeirsson

Þórhildur Katrín Stefánsdóttir

Tinna Dögg Kjartansdóttir

Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir, Formaður

Nefndin og starf hennar

Öryggisnefnd og starf hennar er að taka stöðugum breytingum og er hlutverk hennar og starfsemi að verða mjög mikið umfangs. Öryggisnefndin fundar reglulega og var ákveðið sökum persónuverndarsjónarmiða að birta ekki fundargerðir og nákvæm efni fundanna. En málefni sem koma á borð nefndarmanna eru orðin mörg og sum hver mjög alvarleg. Það eru því ekki bara hefðbundin nefndarstörf sem nefndarmenn eru farin að sinna heldur er nefndin farin að taka að sér leiðbeinandi hlutverk í fjölbreyttum málefnum og aðstæðum.

Öryggisfulltrúi á mótum

Á landsþingi var samþykkt hlutverk öryggisfulltrúa á mótum og hefur það verkefni verið leyst frábærlega af mótshöldurum og eiga aðildarfélög og hestamenn allir stórt hrós skilið fyrir að taka þessu hlutverki af festu og ábyrgð. Því miður hefur allnokkrum sinnum reynt á þetta hlutverk þar sem upp komu slys á mótum. Öryggisnefndin í samvinnu við Sleipni lagði líka áherslu á öryggi knapa í keppni í skeiði og var á Íslandsmóti sett upp girðing svo niðurbætur á lengdist og flóttaleið var öruggari heldur en verið hefur. Ásamt því var allri umferð um svæðið, akandi, hjólandi, gangandi, lokað á meðan á skeiðkeppni stóð. Fyrirkomulagið vakti góð viðbrögð keppenda og þeirra sem komu að mótinu. Öryggisnefnd hefur og mun áfram leggja áherslu á öryggi knapa í skeiði og óskar eindregið eftir samvinnu mótahaldara um að leggja niður keppnisgreinina, skeið í gegnum höll, nema að uppfylltum ströngum skilyrðum.

Fræðsla til viðbragðsaðila og samvinna við Neyðarlínu

Öryggisnefnd með formann í fararbroddi hafa einnig tekið að sér að tilkynna slæga vinnuhætti á vettvangi hestaslysa og samhliða reynt að fræða viðbragðsaðila um mikilvægi þess að bregðast rétt við þegar grunur er um háorkuáverka. Staðreyndin er sú að hestamenn eru í mikilli hættu á að slasast alvarlega og hljóta umrædda háorkuáverka detti þeir af hestbaki ef hesturinn er á umtalsverðri ferð. Formaður hefur vegna þessa haldið áfram samvinnu við Jóhann Má Andersen, lækni og meðhöfund viðbragðsáætlunnar og saman höfum við lagt áherslu á rétt viðbrögð við þessum slysum. Staðreyndin er hinsvegar sú að langt er í land varðandi fræðslu og betri viðbrögð þegar á reynir, það er „alltaf“ huglægt mat þegar fall af hestbaki verður og eru ekki til greiningarferlar innan Landspítala eða Neyðarlínu, ennþá er bara stuðst við greiningarkortin „fall“.

Formaður fundaði með yfirmönnum Neyðarlínu og var sá fundur mjög góður og áhrifaríkur. Markmið er að skilgreina enn betur fyrsta viðbragð við slysum þegar „fall verður af hesti á ferð“ og geta með því brugðist við með sem bestum hætti og eru yfirmenn 112 nú með okkur í þeirri vegferð. Stefnt er á að gera myndband með upplýsingum fyrir hestamenn um viðbrögð við slysum á hálendi og í hestaferðum. Eftir á að fjármagna fyrir gerð þess öryggismyndbands og er það á dagskrá nefndarinnar ásamt öðru.

Óskir um aðstoð öryggisnefndar

Ásamt hefðbundnum nefndarstörfum hefur eins og nefnt er hér fyrst í skýrslu hlutverk nefndarinnar breyst töluvert frá árdögum nefndarinnar. Mikið reynir á nefndarmenn þar sem reglulega er hringt og óskað aðstoðar með hin ýmsu mál. Má þar nefna þyrlulendingar í hesthúsahverfum, skiltauppsetningar í hverfum og við reiðveigi, þverun yfir vegi, umferðarhraði, akstur bifreiða á hringvöllum og svona mætti lengi telja. Öryggisnefnd hefur orðið við flestum þessum beiðnum og reynt að hlutast til um að finna örugga og hentuga niðurstöðu. Þar ber til dæmis að nefna aðstoð við hestamannafélagið Sleipni en reiðvegur þeirra liggur samhliða Gaulverjabæjarvegi þar sem umferð er orðin gríðarleg og umferðarhraði mikill. Öryggisnefnd sendi erindi á bæjaryfirvöld, vegagerð og lögreglu og fannst að lokum lausn þess efnis að sett var upp vegleg hraðahindrun og hámarkshraði tekinn niður og þrenging sett á veginn. Ökumenn þurfa því núna að stöðva bifreiðar sínar alveg sé umferð á móti. Hlutverki nefndarinnar er þó ekki lokið á þessum vegarkafli þar sem nýlega var sett inn í skipulagsgátt að umferð þungaflutninga úr malarnámum fari í gegnum þennan veg og er því næg vinna framundan.

Samantekt og framtíðarsýn

Skýrsluritari vill fyrst og fremst leggja áherslu á mikilvægi þess að við hestamenn höldum áfram að taka þátt og taka ábyrgð á öryggi okkar í þeirri frábæru íþrótt sem hestamennskan er. Það er hinsvegar ljóst að við eigum á hættu að lenda í mjög alvarlegum slysum og var árið í ár nokkuð þungt. Nokkuð var um slys á hálendi og voru þau metin alvarleg. Tvö andlát urðu á starfsárinu sem rakið er til falls af hestbaki. Formaður hefur einnig lagt áherslu á það að þrýsta á lögreglu að sinna sínu hlutverki sem er að rannsaka slys. Þar eiga hestamenn ekki að vera undantekning og er það mat formanns að þar þarf að halda áfram vinnu og í framtíðarsýn okkar er að fara hringferð í kringum landið og eiga fundi við lögreglustjóra og aðra viðbragðsaðila um öryggi okkar hestamanna. Það er persónulegt mat skýrsluritara að hestamenn eiga hrós skilið fyrir notkun á öryggisbúnaði, tileinkað sér viðbragðsáætlun móta og fylgt henni ásamt því að alltaf er vel tekið í þær úrbætur sem nefndarmenn hafa lagt til í hinum ýmsu málum. Sem fyrr segir eru verkefnin orðin stór, þau geta verið þung en öll skipta þau máli.